

Aðalfundur Skógfræðingafélags Íslands 2015 haldinn í Borgarnesi

Þriðjudagskvöldið 10. mars 2015 kl. 18:00

Bergsveinn Þórsson, formaður setti fund og lagði til að Lilja Magnúsdóttir yrði fundarstjóri, Rakel ritaði fundargerð.

1. Bergsveinn kynnti verkaskiptingu innan stjórnar, Brynjar Skúlason er gjaldkeri, Rakel J. Jónsdóttir ritari og Guðríður Baldvinsdóttir varamaður. Síðan flutti hann skýrslu um störf félagsins á liðnu ári. Stjórn hélt fjóra formlega fundi, nokkrir óformlegir kaffistofufundir fóru einnig fram.

Fyrstu verk stjórnar voru að koma ályktunum síðasta aðalfundar til skila. Önnur þeirra kom frá Presti og Sherry þess efnis að skógfræðingar ættu að sjá um gerð áætlana fyrir ríkisstyrkta skógrækt. Sú tillaga var send á framkvæmdastjóra landshlutaverkefnanna í skógrækt og í umhverfisráðuneytið. Hin ályktunin kom frá Einari Gunnarssyni varðandi stuðning við ákvörðun Umhverfis- og auðlindaráðherra um endurskoðun náttúruverndarlaga. Sú ályktun var send á Umhverfisráðherra og Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis.

Stjórnin efndi til samkeppni um merki skógfræðingafélagsins. Alls skiluðu sér 14 tillögur að merkjum. Kosið var um tillögurnar í hópi félagsmanna og hlaut tillaga Bergsveins flest atkvæði og er það opinbert merki Skógfræðingafélags Íslands.

Skipulagður var opinn dagur í Gunnarslundi á vegum félagsins en þegar kallað var eftir því að fólk skráði þátttöku sína í deginum, bárust engar skráningar og dagurinn því felldur niður.

Félagið stóð að Skógardegi Norðurlands í Kjarnaskógi ásamt Félagi skógarbænda á Norðurlandi, Norðurlandsskógum, Skógræktarfélagi Eyfirðinga og Skógrækt ríkisins. Þátttaka var ágæt miðað við að þetta er í fyrsta skipti sem slíkur dagur er haldinn og að veðrið var frekar fúlt þennan dag.

Mestur tími stjórnar hefur farið í að vinna að endurmenntunarmálum félagsmanna og er skipulagning námskeiðs komin af stað.

Að lokum minntist Bergsveinn, Sigurðar Blöndals fyrrverandi skógræktarstjóra, sem féll frá 26. ágúst síðastliðin og þar sem aðalfund bar upp á afmælisdegi Sigvalda Ásgeirssonar í ár, var hans einnig minnst með stundarþögn.

2. Nefndir og ráð félagsins gáfu skýrslur um störf á liðnu ári:

a. Í fjarveru formanns námsmatsnefndar Einars Gunnarssonar, sem ekki komst á aðalfund vegna óveðurs, flutti Rakel skýrslu námsmatsnefndar. Tveir nýir félagar voru teknir inn í félagið á árinu, þeir Ívar Örn Þrastarson og Sævar Hreiðarsson. Ein umsókn um aðgang í félagið barst á dögnum en ekki er búið að fara yfir hana.

b. Rakel flutti skýrslu um störf endurmenntunarnefndar sem saman stendur af stjórn félagsins. Endurmenntunarnefnd hefur haft samband við Jan Bjerketvedt sem er kennari við NMBU að Ási í Noregi. Þar kennir hann um vegagerð í skógi. Jan er tilbúin til að koma og halda námskeið fyrir okkur um hönnun og skipulagningu vega í skógi, dagana 30. september til 2. október í haust. Námskeiðið verður haldið í Skorradal og á Hvanneyri. Nefndin fundaði með Bjarna Diðrik Sigurðssyni og Björgvin Eggertssyni á Hvanneyri fyrr um daginn og þar kom fram vilji til að LBHI kæmi að umsókn um styrk fyrir námskeiðið. Skógfræðinemendur munu geta sótt námskeiðið sem valáfanga og fengið fyrir það 2 ects. Endurmenntunarnefnd hefur sent inn styrkumsóknir til þess að standa straum af kostnaði við námskeiðið og hefur nú þegar fengið í styrk 90.000 kr frá sjóði norsku þjóðargjafarinnar.

Kannað var með handauppréttingum hve margir fundarmanna myndu mæta á námskeiðið. Átta manns gáfu merki um að þeir myndu mæta, af þeim 17 sem mættir voru fyrir utan stjórn. Í kjölfarið voru fundarmenn beðnir um að skrifa á miða tillögur að endurmenntunarnámskeiðum og skila inn til stjórnar svo vitað sé hvert næsta námskeiðsefni ætti helst að vera. Eftirfarandi tillögur bárust, á sumum miðum voru tillögur fleiri en ein. Talan í sviganum á eftir hverri tillögu segir til um hve margir stungu upp á því námskeiðsefni:

- Keðjusagarnámskeið (1)
- Námskeið um aðrar afurðir skóga (1)
- Námskeið um lifun nýgróðursettra plantna og skógarumhirðu (1)
- Námskeið um viðarvinnslu, sögun og þurrkun og val á flettiefni í skógi (6)
- Námskeið um nýjungar í tækni vegna mælinga og kortlagningar á skógi (2)
- Námskeið í skógmælingum vegna grisjunnar (1)
- Námskeið í grisjun (1)
- Námskeið í tölfræði (2)
- Námskeið um jarðvegsfræði, jarðvegslíf, rótarvöxt o.fl. (1)
- Námskeið í krónugrisjun (1)
- Námskeið í leiðtogahæfni (1)
- Námskeið um eldiviðar/orkuskóg (1)
- Námskeið í Agro-forestry (1)
- Halda námskeið fyrir almenning um meðferð á eldiviði úr skógi. Vísa til norsku bókarinnar Hel-ved. (1)

c. Arnlín flutti skýrslu orðanefndar. Nefndin var starfrækt í haust. Hún er búin að hafa samband við Ágústu Þorbergsdóttur hjá Árnastofnun en stofnunin heldur utan um orðanefndir. Ágústa lagði línurnar með Arnlínu um hvernig best væri að vinna verkið.

3. Reikningar stjórnar, nefnda og sjóða með fjárumsvif lagðir fram til samþykktar. Brynjar gerði grein fyrir reikningum félagsins. Rekstur félagsins gekk vel og var afgangur af rekstri. Reikningar félagsins voru samþykktir af fundarmönnum og skoðunarmanni reiknings, Bjarna Diðrik. Böðvar komst ekki á fund vegna óveðurs.

4. Stjórn lagði til óbreytt árgjald, 3.400.- kr. sem var samþykkt samhljóða.
5. Laga- og reglugerðarbreytingar – engar tillögur að lagabreytingum bárust.
6. Stjórnarkjör – Stjórn er kosin til tveggja ára svo ekki var stjórnarkjör í ár.
7. Kjörið í námsmatsnefnd og til annarra trúnaðarstarfa.

Námsmatsnefnd. Rakel gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í námsmatsnefnd. Tillaga kom fram um að Valgerður Erlingsdóttir tæki sæti í nefndinni í staðinn og var það samþykkt samhljóða. Hreinn og Einar starfa áfram.

Orðanefnd. Arnlín kom fram með tillögu um að skipa þriggja manna nefnd til þess að starfa í orðanefnd. Hagræði væri að því að þeir aðilar yrðu allir staðsettir á suðvesturhorninu á meðan starfi nefndarinnar yrði komið af stað. Kallað var eftir tillögum að nöfnum. Fram komu tillögur um Aðalstein, Bjarna Diðrik og Úlf. Þær tillögur voru samþykktar samhljóða. Nefnd skipti með sér verkun og kalli til sín aðra til skrafs og ráðagerða.

8. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga. Bjarni Diðrik og Böðvar gefa kost á sér áfram. Samþykkt samhljóða.

9. Áætlun um störf næsta árs.

Bergsveinn greindi frá áætlunum um störf félagsins á árinu sem er framundan. Eitt af markmiðum á næsta ári er að standa vörð um starfsvettvang skógræðinga og halda merki félagsmanna á lofti. Einnig að halda blása lífi í endurmenntunarmál félagsins með því að halda námskeið í haust í samvinnu við LBHÍ og að koma endurmenntun í fastar skorður þannig að haldið verði námskeið á vegum félagsins á hverju ári í samstarfi við LBHÍ. Stefnt er að starfsdegi í Gunnarslundu og að halda aftur Skógardag Norðurlands sem haldinn verður á Vöglum í Fjnoskadal í ár.

10. Önnur mál:

a. Gunnarssjóður, Brynjar sagði frá stöðu mála varðandi Gunnarssjóð. Hann hafði samband við ættingja Gunnars og í sameiningu bættu þau þær reglur sem fyrir voru til um sjóðinn. Breytingar á fyrirliggjandi reglum voru kynntar félagsmönnum og þær samþykktar samhljóða.

Reglur fyrir Gunnarssjóð

1.gr.

Sjóðurinn var stofnaður eftir fráfall Gunnars Freysteinsonar, skógfræðings. Sjóðurinn hefur fengið nafnið Gunnarssjóður.

2.gr.

Sjóðnum er ætlað að vera verndari Gunnarslundar í Haukadall til framtíðar, viðhalda og auka fræðslugildi lundarins og gera hann eftirsóknarverðan til heimsókna og útivistar.

3.gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Verðbætur og vextir.
2. Framlög til sjóðsins og annað fé, svo sem áheiti og gjafir.

4.gr.

Stjórn Skógfræðingafélags Íslands ásamt fulltrúa úr fjölskyldu Gunnars Freysteinsonar fara með stjórn sjóðsins. Allar ákvarðanir varðandi sjóðinn skulu bókfærðar í fundargerðabók félagsins, samþykktar og undirritaðar í lok hvers fundar.

5.gr.

Stjórnin skal á hverjum tíma ávaxta fé sjóðsins á tryggilegan hátt. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu skoðunarmenn Skógfræðingafélags Íslands endurskoða ársreikninga sjóðsins. Skulu reikningar lagðir fram árlega, um leið og reikningar félagsins.

6.gr.

Úthlutun úr sjóðnum skal almennt ekki vera meiri en svo að verðgildi sjóðsins rýrni ekki, það er, einungis skal úthluta uppsöfnuðum vöxtum sem styrkjum úr sjóðnum. Á þessu má þó gera undantekningu ef viðbótarfjármagns er þörf til einstakra brýnna verka í Gunnarslundi og stjórn sjóðsins sé sammála. Aldrei skal þó ráðstafa meiru en sem nemur ¼ upphafslegs höfuðstól innan hvers reikningsárs sjóðsins Upphaflegur höfuðstóll sjóðsins er sú heildarupphæð sem til er í sjóðnum þann 1. apríl 2010 uppreiknuð samkvæmt lánskjaravísitölu. Stefnt skal að úthluta úr sjóðnum ekki sjaldnar en 3. hvert ár.

7.gr.

Stjórn sjóðsins gerir tillögur um ráðstöfun fjármagns úr sjóðnum. Einungis er heimilt að nýta fjármagnið til uppbyggingar í Gunnarslundi. Gjaldkeri félagsins sér um greiðslur samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins.

8.gr.

Heimilt er að leggja sjóðinn niður að tillögu meirihluta stjórnar Skógfræðingafélags Íslands og fulltrúa fjölskyldunnar, ef sú tillaga hlýtur samþykki 2/3 hluta atkvæða á aðalfundi félagsins. Verði sjóðurinn lagður niður skal eigum hans varið í einu lagi til endurmenntunar skógræktarfólks eða í Gunnarslund, en það þá ákveðið með sama meirihluta á aðalfundi félagsins. Samþykkt á aðalfundi Skógfræðingafélags Íslands, 10. mars 2015

Í kjölfarið spannst umræða áfram um Gunnarssjóð. Brynjar sagði að reikningur sjóðsins væri enn á nafni Sigrúnar Sigurjónsdóttur og ganga þyrfti í að koma þeim reikningi yfir á félagið. Á aðalfundi í fyrra kom upp sú spurning hvort mögulegt væri að hafa lundinn til minningar um aðra fallna féлага og Bjarni Diðrik spurði þeirra spurningar nú. Brynjar taldi að hægt væri að hafa fleiri nöfn á skildi þarna eftir samtal hans við ættingja Gunnars.

Rætt var að áframhaldandi samstarf verði við fjölskyldu Gunnars um tilhögun skipulags í lundinum og því beint til stjórnar að hafa næsta vinnudag í Gunnarslundi síðsumars eða að haustlagi í von um að þátttaka verði betri. Einnig að stjórn hafi samband við Sigrún og fái reikningsnúmer sjóðsins fært yfir á félagið.

b. Ályktanir aðalfundar, tillögur bornar upp á aðalfundi:

Engar ályktanir voru bornar upp á fundinum en tillögur um starf stjórnar og félagsmanna voru eftirfarandi:

Arnín kom með tillögu um að fólk sem hefði gengið með Sigvalda um skógræktina á Vilmundarstöðum kæmi á blað minnispunktum um það starf sem Sigvaldi var búin að vinna. Þetta væri nauðsynlegt svo heimildir um skógræktina týndust ekki. Þeir félagsmenn sem þarna þekkja til eru hvattir til dáða.

Bjarni Diðrik vakti máls á því hvort félagið ætti að beita sér fyrir því að fólk þyrfti að hafa leyfi á keðjusög áður en farið er af stað í grisjun. Mikilvægt væri að vitneskjan um allar þær öryggishlífar sem þurfa að vera til staðar við slíka vinnu kæmist til skila. Hættan væri kannski mest hjá þeim sem eru að leigja tækin af fyrirtækjum eins og Byko og Húsasmiðjunni því þar eru engar öryggishlífar leigðar með. Stjórn vinnumálastofnunnar hefur tekið málið til athugunar og komst að því að það væru ekki til nein lög eða formlegar reglur um þessi mál.

Svohljóðandi tillaga var samþykkt á fundinum: Stjórn hafi frumkvæði að því að hafa samband við vinnumálastofnun með það í huga að samdar verði reglur um lágmarkskröfur í öryggisbúnaði við meðferð keðjusaga. Og gangi líka í það verk að vekja athygli leiguaðila á því að leigja útbúnaðinn með öryggishlífum.

c. Önnur mál sem fundarmenn bera upp á fundinum.

Lilja sagði breytingar á námi búfræðinga í skógrækt í bígerð. Því beint til stjórnar að fylgjast með þeirri þróun svo þetta nauðsynlega nám sé áfram starfrækt af fullum krafti við LBHÍ.

Sigríður Erla hvatti til þess að heimasíðu yrði haldið meira lifandi.

Brynjar hvatti félagsmenn til þess að koma fréttum til Péturs fjölmiðlafulltrúa hjá Skógrækt ríkisins til þess að hann hafi úr nógu að mæða.

Bergsveinn þakkaði Lilju fyrir góða fundarstjórn og sleit fundi.

